

Hjálmar Sveinsson
Formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur
Borgartúni 10-12
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2018

Efni: Vandkvæði á vörudreifingu til veitingahúsa í miðborginni

Til undirritaðra samtaka, Félags atvinnurekenda og Klúbbs matreiðslumeistara, hafa leitað félagsmenn sem annars vegar stunda veitingarekstur í miðborginni og hins vegar heildsölu og dreifingu, einkum matvöru, til veitingahúsa. Þessi fyrirtæki segja sömu sögu; vaxandi vandkvæði eru á vörudreifingu til veitingahúsa í miðborg Reykjavíkur þannig að segja má að það standi rekstri þessa mikilvæga vaxtarsprota atvinnulífsins fyrir þrífum.

Fjölgun veitingahúsa og aukinn veltuhraði

Undanfarin ár hefur veitingastöðum og hótelum í miðborginni fjölgað gríðarlega, enda þarf að anna hraðvaxandi eftirspurn vegna fjölgunar ferðamanna. Undirrituð samtök hafa ekki á takteinum glænýjar tölur um fjölda veitingastaða í miðborg Reykjavíkur, en í ársbyrjun 2016 lét Rannsóknasetur verslunarinnar telja þá og voru þeir þá 177 talsins og hafði fjölgað um 69% frá árinu 1999.

Í viðtali við Fréttablaðið 25. janúar 2016 mat Óli Örn Eiríksson, sviðsstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg, það svo að miðað við vænta fjölgun ferðamanna gæti veitingastöðum í miðborginni fjölgað um 50 -70 á árunum 2016-2020. Eins og áður segir, höfum við ekki nákvæmar tölur en ljóst er að stöðunum hefur fjölgað mikið á þeim rúmlega tveimur árum sem síðan eru liðin. Um leið hefur hótelum fjölgað mjög í miðborginni, en þau taka til sín mikið af aðföngum. Samfara fjölguninni er mikil veltuaukning og aukinn veltuhraði á mörgum veitingastöðum. Stöðunum er oft þröngur stakkur skorinn varðandi lagerpláss og lítt fyrirsjáanlegt hvaða réttir eru vinsælastir frá degi til dags. Það leiðir af sér að margir veitingastaðir panta frá birgjum oftar en einu sinni á dag.

Þrengt að dreifingarstarfsemi

Á sama tíma og þessi þróun hefur átt sér stað hefur þrengt að möguleikum birgja veitingahúsanna til að athafna sig í miðborginni. Borgin hefur til þessa ekki verið til viðtals um að rýmka „gluggann“ sem dreifingaraðilar hafa til að þjónusta veitingahúsin, en hann er nú aðeins þrjár klukkustundir, frá klukkan 8 til 11 árdegis. Umferð, jafnt ökutækja sem gangandi og hjólandi vegfarenda, fer vaxandi. Þrengingar eða lokanir gatna vegna byggingarframkvæmda eru algengari en áður. Sumarlokanir gatna í miðborginni gera sömuleiðis að verkum að erfiðara er að þjónusta veitingahús og hótél á þeim tíma ársins. Um leið hefur fækkað stæðum þar sem flutningabílar dreifingaraðila geta lagt á meðan verið er að þjónusta veitingahúsin.

Starfsmenn Bílastæðasjóðs borgarinnar ganga hart fram gagnvart flutningabílum sem lagt er utan merktra stæða. Margir birgjar eru farnir að líta á það sem hluta

rekstrarkostnaðar að greiða tugi eða hundruð þúsunda króna mánaðarlega í stöðubrotasektir. Stjórnendur viðkomandi fyrirtækja vildu mjög gjarnan geta hagað starfseminni þannig að slíkt kæmi aldrei fyrir, en raunveruleikinn er sá að bifreiðarstjórum er iðulega nauðugur sá kostur að leggja utan merktra stæða; annars tækist einfaldlega ekki að þjónusta veitingahúsin.

Fyrirtæki sem í hlut eiga hafa farið þess á leit við undirrituð samtök að þau beiti sér fyrir samtali við borgaryfirvöld sem hafi að markmiði að finna lausnir á þeim vanda sem hér er lýst.

Hugmyndir til úrbóta

Meðal þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið á fundum fyrirtækjanna með FA og Klúbbsi matreiðslumeistara eru eftirfarandi:

- Reglur um tímabil vörudreifingar, stærð og gerð bifreiða o.fl. verði samræmdar því sem gerist í miðborgum í nágrennalöndunum, að undangenginni skoðun á því hvar best hefur tekist til.
- Skoðað verði að koma á fót sérstökum stæðum sem bifreiðar dreifingaraðila gætu nýtt. Hluti af lausninni gæti verið að samnýta á mótí ferðapjónustufyrirtækjum rústæði í miðborginni.
- Framkvæmd Bílastæðasjóðs á eftirliti með stöðubrotum verði skoðuð og jafnframt sérstakar merkingar fyrir bifreiðar dreifingaraðila.


Það er mat undirritaðra samtaka að sá rammi reglna og aðstöðu, sem borgaryfirvöld hafa búið dreifingu til veitingahúsa í miðborginni nái einfaldlega ekki utan um umfang þessarar starfsemi, eigi hún að geta gengið snurðulaust fyrir sig við núverandi aðstæður. Félögin líta svo á að það séu hagsmunir allra; borgaryfirvalda, íbúa í miðborginni, gesta miðborgarinnar, veitingahúsa og birgja, að regluramminn verði sniðinn að veruleikanum og árekstrum afstýrt.

Ósk um fund

Félögin fara því fram á að formaður umhverfis- og skipulagsráðs, ásamt þeim embættismönnum borgarinnar sem við á, hitti fulltrúa samtakanna og fyrirtækja sem í hlut eiga á fundi til að leita lausna. Æskilegt væri að sá fundur ætti sér stað sem allra fyrst, áður en straumur ferðamanna nær hámarki í sumar.

Með vinnsemd og virðingu,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda


Björn Bragi Bragason
forseti Klúbbs matreiðslumeistara